



SÁLFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

Tólfra SÁLFRÆÐIÞINGIÐ

Haldið á Hilton Reykjavík Nordica

18. mars 2022 kl. 8:30 – 16:11

Þingið er haldið í samvinnu við:

Háskólann á Akureyri,

Háskóla Íslands og

Háskólann í Reykjavík

Velkomin

Með mikilli ánægju býð ég ykkur velkomin á Sálfræðipingið 2022 sem er tólfsta Sálfræðipingið okkar.

Sálfræðiping hefur ekki verið haldið síðustu tvö ár vegna COVID-19 faraldursins en loksins höldum við það aftur og verður það með hefðbundnu sniði. Á miðvikudegi bjóðum við almenningi upp á fræðslu og er viðfangsefnið í ár jákvæð sálfræði og hvernig má takast á við lífið með á uppbyggilegan hátt. Fræðslan fer eingöngu fram í streymi en greinilegur áhugi hefur verið hjá almenningi fyrir þessum lið þingsins. Á fimmtudegi býður Krabbameinsfélagið í heimsókn og gestafyrirlesarar þingsins halda vinnustofu. Á föstudegi, sjálfum ráðstefnudeginum, er boðið upp á fjölbreytta dagskrá. Þar má finna fjölda málstofa, kynningar og veggspjöld. Opnunarerindið að þessu sinni flytja Lisa Vivoll Straume og Dóra Guðrún Guðmundsdóttir og ber heitið: The science of well being: From research to practice.

Sálfræðiping eflir okkar sálfræðilega samfélag á margan hátt. Það tengir saman vísindi og praktík, það tengir saman sálfræðinga á ólíkum vinnustöðum í ólíkum verkefnum og það vekur athygli almennings á sálfræðilegum málefnum. Við þurfum að muna hvað við höfum fram að færa, skoða leiðir til að koma sálfræðilegri þekkingu áleiðis og ýta undir þann góða byr sem málefnið hafa nú í þjóðfélaginu.

Ég vil þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plóg við undirbúning, skipulag og kynningu efnis þessa þrjá daga og gestum fyrir komuna og þátttökuna. Fulltrúar okkar í framkvæmdanefnd og vísindanefnd þingsins fá góðar þakkir fyrir þeirra vinnu. Í framkvæmdanefndinni sitja þau Anna María Frimannsdóttir, Bóas Valdórsson, Helgi Héðinsson, Agnes Björg Tryggvadóttir, Gunnhildi Gunnarsdóttir og Berglind Stefánsdóttir og í vísindanefndinni, sem er skipuð fulltrúum háskólanna, þau Brynjar Halldórsson frá HR, Fanney Þórsdóttir frá HÍ og Guðmundur Torfi Heimisson frá HA.

Samkomur eins og Sálfræðiping eru ekki bara til að fræðast. Þær eru líka til að efla hið sálfræðilega samfélag og gleðjast með kollegunum. Strax að loknu Sálfræðipingi verðar drykkir í boði gegn vægu gjaldi og vonumst við til þess að sem flestir staldri við og spjalli.

Gleðilega hátíð og góða skemmtun kæru félagar!

Tryggvi Ingason

formaður Sálfræðingafélags Íslands

Dagskrá í einni svipan

Kl. 8:15 - móttaka og skráning				
Kl. 8:30 í sal A og B: Setning Sálfræðiþings 2018 Tryggvi Guðjón Ingason formaður Sálfræðingafélags Íslands				
Kl. 8:40 í sal A og B: Afhending heiðursverðlauna og nemaverðlauna SÍ				
Kl. 9:10 í sal A og B - opnunarerindi: Lisa Vivoll Straume Phd og Dr. Dóra Guðrún Guðmundsdóttir The science of well being: From research to practice				
kl. 10:10 – 10:34 kaffihlé og kynning á veggspjöldum				
Lota 1	Salur A	Salur B	Salur H/I (efri hæð)	Salur F/G (efri hæð)
Kl. 10:35-12:04	Málstofa: Fjölskyldur í viðkvæmri stöðu	Málstofa: Sálfræðiþj. á heilsugæslum landsins	Kynning á rannsóknum (1)	Málstofa: Aðferðarfræði úrtakskannana
kl. 12:05-13:09 hádegisverður og kynning á veggspjöldum				
Kl. 13:10-14:39				
Lota 2	Salur A		Salur B	salur H/I (efri hæð)
Kl. 13:10–14:39	Vinnustofa siðanefndar: vinna með hælisleitendum		Málstofa: Einhverfa	Kynning á rannsóknum (2)
kl. 14:40-15:10 – kaffihlé og kynning á veggspjöldum				
Kl. 15:11-16:11				
Lota 3	Salur A	Salur B	salur H/I (efri hæð)	
Kl. 15:11 – 16:11	Málstofa: Nýjar rannsóknir um meðferð - börn og unglingar	Málstofa: Árstíðabundnar skapsveiflur á Íslandi	Málstofa: Prófræðileg líkön	
KL: 16.15. Happy hour við lok þingsins fyrir framan sali A&B				

Lota I kl. 10:35-12:04

Salur A – Málstofa: Fjölskyldur í viðkvæmri stöðu: Efling foreldrafærni og bætt aðlögunarhæfni barna

Málstofustjóri: Margrét Sigmarsdóttir

- Efling foreldrafærni meðal flóttafólks: Er það fýsileg meðferðarnálgun við íslenskar aðstæður - *Alexia M. Jakobsdóttir o.fl.*
- Efling foreldrafærni meðal foreldra á flótta: Viðtöl við foreldra, tilvísendur og menningarmiðlara á Íslandi- *Guðbjörg Ingunn Magnúsdóttir o.fl.*
- Gagnreynd foreldrafærni: Áhrif og aðlögun úrræðis að alvarlegum hegðunarvanda – *Anna Dúna Halldórsdóttir o.fl.*

Salur B –Málstofa um sálfræðipjónustu og störf sálfræðinga á heilsugæslum landsins

Málstofustjóri: Kristbjörg Þórisdóttir

- Uppbygging sálfræðipjónustu á heilsugæslustigi á Íslandi – *Pétur Maack Þorsteinsson og Liv Anna Gunnell*
- Fyrsta stigs sálfræðipjónusta á landsbyggðinni –*Sigurlín H Kjartansdóttir*
- *Sálfræðingur í smábæ - Emil Einarsson*
- Gagnreynd sálfræðileg meðferð í fyrstu línu þjónustu heilsugæslu – *Sævar Már Gústavsson o.fl.*
- *Pallborðsumræður – Hofrún Kristjánsdóttir, Jón Friðrik Sigurðsson, Ingibjörg Sveinsdóttir og Jón Steinar Jónsson.*

Salur H/I – Kynning á rannsóknum – (I)

Fundarstjóri: Helgi Héðinsson

- Lotumeðferð við félagsfælni: Árangur og samanburður við hefðbundna hópmeðferð –*Sigurður Viðar o.fl.*
- Bergenska fjögurra daga meðferðin við ælufælni – *Sóley Dröfn Davíðsdóttir o.fl.*
- Rannsókn á líðan hinsegin ungmenna í grunnskólum á Íslandi – *Sólrun Sesselja Haraldsdóttir o.fl.*
- Hvað vitum við ekki? Yfirlit yfir þunglyndisrannsóknir í hópum íþróttafólks – *Richard Tahtinen o.fl.*

Salur F/G – Málstofa í megindlegri sálfræði: Aðferðarfræði úrtakskannana

Málstofustjóri: Auður Valborgarson

- Skilningur fólks á atriðum PHQ-9 þunglyndiskvarðans – *Kristín Hulda Kristófersdóttir o.fl.*
- Spurningar stjórnlagaráðs: Áhrif orðalags á svör- *Vaka Vésteinsdóttir o.fl.*
- Jáhneigarðsvörin í persónuleikamælingum: Fjöldi svarmöguleika og talnalæsi – *Fanney Þórisdóttir o.fl.*
- Félagslega æskileg svörin í persónuleikamælingum – *Vaka Vésteinsdóttir o.fl.*

Lota 2 kl. 13:10-14:39

Salur A – Vinnustofa Siðanefndar SÍ: Siðferðileg álitamál í störfum sálfræðinga með flóttamönnum og hælisleitendum.

Umsjón: Paola Cardens, sálfræðingur og doktorsnemi í sálfræði við HR.

- Sálfræðingar geta oft upplifað töluverðar áskoranir í starfi með hælisleitendum og flóttamönnum, þ.m.t. eigin fordóma, skort á þekkingu, samskipta – og tungumálaörðugleika, og menningarlegan mun.
- Í málstofunni verður farið yfir fræðslu um málefni flóttafólks og hælisleitenda á Íslandi og áskoranir og siðfræðileg álitamál sem geta komið upp í starfi með þessum viðkvæma hóp.
- Áheyrendur munu einnig fá tækifæri til að ræða saman í hópum og vinna með siðaklípur.

Salur B – Málstofa: Einhverfa – ný þekking og nýir straumar

Málstofustjóri: Evald Sæmundsen

- Skimun fyrir einhverfu í ung- og smábarnavernd – *Sigríður Lóa Jónsdóttir o.fl.*
- Algengi einhverfu, ný greiningarviðmið og fjölbreyttar þjónustuþarfir – *Emelía Guðmundsdóttir*
- Einhverfa hjá fullorðnum – geðheilbrigði og þjónusta – *Unnur Jakobsdóttir Smári.*
- Hverju breytir skynsegin hreyfingin um störf sálfræðinga? – *Ásdís Bergþórsdóttir.*

Salur H/I - Kynning á rannsóknnum – (2)

Fundarstjóri: Álfheiður Guðmundsdóttir

- Íslenskun og prófun á matslistanum CLEAN: Hlutlægt mat á tiltekt og hreinlæti heimilis hjá tveimur fjölskyldum sem eru skjólstæðingar barnaverndaryfirvalda vegna vanrækslu – *Erna Magnúsdóttir og Zuilma Gabriela Sigurðardóttir.*
- Sálfræði í skólum; Skólastefna og skipulag sérfræðiþjónustu – *Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson.*
- Hvað er á bakvið heildar skorið? Algengi mismunandi þunglyndiseinkenna hjá íslensku íþróttafólki – *Richard Tahtinen o.fl.*
- Beanfee: Hugbúnaður til stuðnings við jákvæða hegðun – *Helgi S. Karlsson*

Lota 3 kl. 15:11-16:11

Salur A – Málstofa: Nýjar og spennandi rannsóknir á meðferð fyrir börn og unglinga

Málstofustjóri: Guðmundur Skarphéðinsson

- OCD samarnámskeið fyrir 12 – 18 ára unglinga með áráttu-þráhyggjuröskun – *Dagmar Kristín Hannesdóttir*.
- Árangursmat á ósérhæfðri hópmeðferð (Bræðingur) fyrir unglinga með tilfinningavanda – *Guðmundur Skarphéðinsson og Gunnar Karl Karlsson*.
- Langtímaþróun hæfniskerðingar hjá börnum og unglingum með ÁÐR í kjölfar meðferðar: Skilgreining undirhópa og mat á eiginleikum þeirra – *Orri Smáráson og Guðmundur Skarphéðinsson*.
- Netmiðuð hugræn atferlismeðferð fyrir börn og unglinga með áráttu- og þráhyggjuröskun – *Guðmundur Skarphéðinsson og Orri Smáráson*.

Salur B – Málstofa: Árstíðabundnar skapsveiflur á Íslandi – nýlegar rannsóknir (e. Seasonal mood fluctuation in Iceland – recent research)

Málstofustjóri: Yvonne Höller

- Forspá árstíðabundinna skapsveiflna út frá heilarafritun (EEG), lífeðlisfræðilegra, sálfræðilegra og hugrænna kvilla í úrtaki án formlegrar greiningar (e. Predictability of seasonal mood fluctuations based on electroencephalographic biomarkers, physiological, psychological, and cognitive vulnerabilities in a non-clinical sample.) – *Yvonne Höller*
- *Man ég ekki eða veitti ég því ekki eftirtekt? Aðgreining minnisskekkja og athyglisskekkja í tengslum við tilfinningatengt áreiti og árstíðabundinna skapsveiflna (e. Did I not remember or not pay attention? Differentiation between memory or attention bias for emotional stimuli in relation to seasonality. Dagný Theódórsdóttir.)*
- *Árstíðabundnar sveiflur í mataræði og tengsl þeirra við skapsveiflur (e. Seasonal nutrition patterns and their relation to mood fluctuations.)* – *Annick Ulbrich og Ásta Guðrún Birgisdóttir*.
- Dægurgerð og lífstíll í tengslum við árstíðabundnar skapsveiflur (e. Chronotypes and lifestyle choices in seasonal mood fluctuations.) – *Guðný Jónasdóttir Birgisdóttir*.

Salur H/I – Málstofa í megindegri sálfræði: Prófræðileg líkön

Málstofustjóri: Fanney Þórisdóttir

- Prófræðilegir eiginleikar íslenskrar þýðingar GAD-7 kvíðakvarðans í klínísku úrtaki – *Hilma Rós Ómarsdóttir o.fl.*
- Staðbundin tengsl (local dependence) í svarferla – *Katrín Arndís Blomsterberg Magneudóttir o.fl.*
- Prófræðilegir eiginleikar undirprófa sem meta málskilning á málþroskaþrófinu Málfærni eldri leikskólabarna (MELB) kannaðir með svarferlalíkani – *Sigurgrímur Skúlason o.fl.*
- Prófræðilegir eiginleikar undirprófa sem meta Máltjáningu á málþroskaþrófinu Málfærni eldri leikskólabarna kannaði með svarferlalíkani – *Guðrún Margrét Jóhannesdóttir o.fl.*

Yfirlit yfir veggspjöld 2022

1. Hafa árstíðabundnar sveiflur í sólskinsstundum og fjölda kórónaveirutilfella áhrif á þunglyndiseinkenni hjá konum nýgreindum með brjóstakrabbamein? – *Guðjón Ágústsson o.fl.*
2. Upplifun og áhrif þess að greinast með brjóstakrabbamein á tímum heimsfaraldursins COVID-19 – *Huldís Franksdóttir o.fl.*
3. Miðlunaráhrif þunglyndisþanka og íhugunar á samband andlegs styrks og þunglyndiseinkenna hjá afreksíþróttafólki – *Sara Björk Jónsdóttir o.fl.*
4. Tengsl áfallastreituröskunar og hugrænnar virkni: Frumniðurstöður úr yfirgreiningu – *Snæfríður Guðmundsdóttir o.fl.*
5. Ráðgjöf um hegðunarstjórnun á internetinu: Ber hún árangur? – *Júlía Hafþórsdóttir og Zuilma Gabriela Sigurðardóttir*